



Skapandi Nám í starfi SNS1A05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar: Guðmundur Elías Knudsen Flosi Jón Ófeigsson	Netfang/netföng: gudmundur.knudsen@borgo.is flosi.ofeigsson@borgo.is
--	---

Lýsing:

Markmið áfangans er að efla nemendur í námi og undirbúa undir frekara nám í skapandi greinum. Nemendur fræðast um heilbrigðan líffsstíl og þætti sem hafa áhrif á hann. Nemendur eru hvattir til sýna áræðni og efla með sér lausnamiðaða og gagnrýna hugsun. Lögð er áhersla á samvinnu og samstarf og að nemendur efli með sér ábyrgðarkennd gagnvart samfélagi og samborgurum í lýðræðissamfélagi. Lögð verður áhersla á að efla skilning nemandans á sjálfum sér, tilfinningum sínum, gildismati, lífsháttum og framtíðarsýn, ásamt því að styrkja tjáningarhæfni, sjálfstraust og sjálfstæð vinnubrögð. Athygli er beint að nemandanum sjálfum sem uppsprettu þekkingar og sköpunar. Efld er með nemendum vitund um eigin ábyrgð á árangri í samskiptum, framkomu, heilbrigði og lífsfyllingu.

Þekking - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- árangursríkum aðferðum við nám í framhaldsskóla
- félagsstarfi skólans
- sérfræðiþjónustu sem skólinn hefur upp á að bjóða
- mikilvægi jákvæðrar sjálfsmýndar
- mikilvægi þess að bera virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- alþjóðavitund og ábyrgðarkennd
- mikilvægi þess að beita skapandi hugsun og frumkvæði við verkefni

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta tjáð sig með margvíslegum aðferðum við að koma hugmyndum og skoðunum á framfæri við
- vera þátttakandi og njóta list- og menningarviðburða
- taka ábyrgð á eigin lífi sem m.a. felur í sér að tileinka sér heilbrigða lífnaðarhætti
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- fjalla um ýmis dægurmál sem upp koma hverju sinni, í tengslum við nám sitt og umhverfi
- meta stöðu sína sem einstaklings í samhengi við umhverfi sitt m.t.t. lýðræðislegrar þátttöku

Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stunda árangursríkt nám í framhaldsskóla
- efla félagsþroska sinn
- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- taka ábyrga afstöðu sem neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi
- kynna hugðarefni sín á formlegan og óformlegan hátt
- eiga gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni og trú

Námsmat:

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Námsgögn:

Námsgögn frá kennara og á INNU.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur gætu þurft að greiða inná listviðburði. Kostnaði verður haldið í lágmarki. 1-2 skemmtikvöld eru skipulögð á önninni. Þau eru framkvæmd að kvöldi til í samstarfi og undir eftirliti kennara.

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um **tvær klukkustundir á viku**.

Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista **fari ekki upp fyrir 10**.

Námið byggir að miklu leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnisþætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemandi vísað úr áfanganum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Þriðjudagur: Kynning á skólanum INNA - hópefli - stoðþjónustur	

		Fimmtudagur: Verkefnavinna	
2	26.-30. ágúst	Þriðjudagur: Ratleikur og úrvinnsla Fimmtudagur: Ratleikur og úrvinnsla	
3	2.-6. sept.	Þriðjudagur: Ratleikur kynning Fimmtudagur: Hópverkefni	
4	9.-13.sept.	Þriðjudagur: Hópverkefni Fimmtudagur: Hópverkefni - Kynning	
5	16.-20.sept	Þriðjudagur: Hinsegin fræðsla Fimmtudagur: Hinsegin verkefni	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Þriðjudagur: Hinsegin verkefni - kynning Fimmtudagur: Félagslegt	
7	30.sept.- 4. okt.	Þriðjudagur: U og Ú Fimmtudagur: Vörðuviðtöl / foreldraviðtöl	
8	7.-11. okt.	Þriðjudagur: Forvarnarvikan fræðsla Miðvikudagur: Forvarnardagurinn Fimmtudagur: Forvarnarvikan - verkefni	
9	14.-18. okt.	Þriðjudagur: Forvarnarvikan - kynning Fimmtudagur: Félagslegt	
10	21.-23. okt.	Þriðjudagur: Félagslegt Fimmtudagur: Hausthlé	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Þriðjudagur: Ferilskrá og kynningarbréf - fræðsla Fimmtudagur: Ferilskrá	
12	4.-8. nóv.	Þriðjudagur: Vörðuviðtöl / umsjónarviðtöl Fimmtudagur: Félagslegt	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Þriðjudagur: Áhugamálið mitt Fimmtudagur: Áhugamálið mitt	
14	18.-22. nóv.	Þriðjudagur: Áhugamálið mitt - kynning Fimmtudagur: Félagslegt	
15	25.-29. nóv	Þriðjudagur: Fimmtudagur:	
16	2.-6. des.	Þriðjudagur: Jólasaga Fimmtudagur: Jólasaga - kynning	
17	9.-12. des	Þriðjudagur: Varða III Fimmtudagur: Jólhittingur	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.